

Mál nr. 155/2007

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar R

Möl var hent í bifreið af lóð leikskóla þ. 23.4.1007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 17.8.2007 ásamt greinargerð dagss.17.8. og bréfum dags. 9.7.og 30.7.2007
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 539/07
3. Tjónatilkynning dags. 23.4.2007.
4. Bréf V dags. 27.6. og 28.8.2007.
5. Ljósmyndir.

Málsatvik.

M greinir svo frá að bifreið hennar hafi verið lagt í bifreiðastæði við leikskóla og hafi 2 leikskólabörn hent möl sem var undir rólum yfir girðingu við leikskólann yfir girðinguna og hafi mölin lent á bifreið M með þeim afleiðingum að hún varð fyrir tjóni. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R vegna þessa þar sem R hafi vanrækt að hafa umhverfi leikskólans með þeim hætti sem víðast tíðkast en boðið sé upp á sérstaka hættu með frágangi sem þessum. M upplýsir að gúmmímottur hafi verið settar undir rólur nokkru síðar í staðinn fyrir möl. V hafnar bótaábyrgð og heldur því fram að hvorki sé um vanbúnað né vangæslu að ræða hjá R eða starfsmönnum R. Þá heldur V því fram að aðstæður við umræddan leikskóla hafi verið eðlilegar.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að vanbúnað hafi verið að ræða á umræddri leikskólalóð þannig að leiði til skaðabótaábyrgðar eða um saknæma háttsemi starfsmanna leiksólans hafi verið um að ræða. Tjón M er því ekki bótaskylt úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

Tjón R er ekki bótaskylt úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 26.9 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.